

**Nd.** **238. Frumvarp til laga** [203. mál]

um breyting á lögum nr. 84/1986, um breyting á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

(Lagt fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 84/1986 orðist svo:

Í Reykjavíkurlæknishéraði og heilsugæsluumdæminu Garðakaupstað skal frestur þessi standa til ársloka 1988.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Í Reykjavíkurlæknishéraði og í heilsugæsluumdæmi Garðakaupstaðar er enn starfað eftir eldri lögum um heilsuvernd og gildir því í reynd tvenns konar kerfi í landinu. Þar sem viðbúið er að nokkurn tíma geti tekið að koma á kerfi heilsugæslu, eftir að ákvörðun hefur verið tekin um að setja það á fót, er í frumvarpi þessu lagt til að frestur til að taka það upp í Reykjavík og í Garðakaupstað gildi áfram út næsta ár. Á þeim tíma mundi ráðuneytið í samráði við Reykjavíkurborg og bæjarstjórn Garðakaupstaðar vinna að lausn þeirra mála sem tengjast kerfisbreytingunni, en þar er fyrst og fremst um að ræða yfirfærslu fjármuna milli kerfa, þ.e. frá sjúkratryggingum yfir til heilsugæslunnar og endurgreiðslur vegna fjárfestingarkostnaðar. Einnig þarf að ræða við stéttarfélög hlutadeigandi starfsmanna, svo sem lækna og hjúkrunarfræðinga.

Þegar eru hafnar viðuræður við bæjarstjórn Garðakaupstaðar um ofangreinda kerfisbreytingu og fljótlega verða hafnar viðuræður við Reykjavíkurborg. Rétt er að geta þess að í Reykjavík eru reknar nokkrar heilsugæslustöðvar samkvæmt lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, en endanleg ákvörðun hefur ekki enn verið tekin um samræmt kerfi sem bæri sömu skyldur gagnvart öllum íbúum svæðisins.